

Ed. 529. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands, sbr. lög nr. 33/1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

4. grein laganna orðist svo:

Auk stofnfjár skv. 3. gr. skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

- a. vextir af lánnum og öðrum kröfum,
- b. útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt,
- c. 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru og skal það reiknað af sjávarafurðum, sem framleiddar eru á tímabilinu frá 1. júlí 1973 til 31. desember 1975,
- d. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. c-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa fjárhæð árlega,
- e. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b—d lið greiðir ríkissjóður honum árlega 35 milljónir króna,
- f. lántökur innanlands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fjáröflun til Fiskveiðasjóðs er nú með þeim hætti að ríkissjóður greiðir árlega til sjóðsins 35 milljónir króna, en auk þess rennur til sjóðsins, lögum samkvæmt, hluti af útflutningsgjöldum af sjávarafurðum og mun láta nærri að á síðasta ári hafi sú upphæð numið 49 milljónum króna. Loks renna til sjóðsins vextir af lánnum og öðrum kröfum og var hér um að ræða 260 millj. kr. á árinu 1972.

Í lögum nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands var fjáröflun til sjóðsins þannig háttáð að ríkissjóður greiddi ekki fyrirfram ákveðið framlag til sjóðsins, eins og nú er, heldur greiddi ríkissjóður framlag, sem var jafnhátt hluta sjóðsins af útflutningsgjöldum sjávarafurða. Hluti sjóðsins nam þá 17.2% af útflutningsgjöldum, en nemur nú 11.4% og verði frumvarp um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem nú liggur fyrir Alþingi, að lögum, mun hlutur sjóðsins lækka niður í 9.4% af útflutningsgjöldum. Ljóst er því að nokkuð hefur verið dregið úr fjáröflun til Fiskveiðasjóðs miðað við lög nr. 75/1966 um Fiskveiðasjóð Íslands og lög nr. 4/1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á hinn bóginn er þess að gæta, að verkefni sjóðsins hafa vaxið mjög nú á síðustu árum og ber þar hæst tvö stórverkefni. Annað er hin mikla endurnýjun skipa- og einkum togaraflotans, sem nú stendur yfir, og hitt er jafnhliða endurnýjun hraðfrystihúsanna, sem ýmist er fólgin í því að ný hús eru reist í stað gamalla, eða

að starfandi frystihús eru endurbætt og jafnvel gerðar á þeim stórbreytingar og viðgerðir.

Árleg fjáröflun til Fiskveiðasjóðs er ekki meiri en svo að eigin fé sjóðsins minnkar stöðugt í hlutfalli við útlánin og er alveg sýnt að sjóðurinn getur ekki sinnt þessum auknu verkefnum, nema fjáröflun til sjóðsins verði aukin að mun.

Reiknað er með því að verðmæti útfluttra sjávarafurða verði 15—16 milljarðar á þessu ári, en útflutningsverðmæti sjávarafurða framleiddra á tímabilinu frá 1. júlí til áramóta verði um 5.5 milljarðar. Auknar tekjur sjóðsins vegna þeirra breytinga, er í frumvarpinu felast, munu því nema um 110 milljónum króna á þessu ári og yrði helmingurinn af þeirri fjárhæð framlag úr rikissjóði. Ef reiknað er með 10% aukningu útflutningsverðmætis á næstu tveimur árum munu tekjur sjóðsins aukast um 330—350 milljónir á árinu 1974 og um 360—380 milljónir á árinu 1975 og yrði helmingur þessarra fjárhæða framlag úr rikissjóði. Hjalagt með greinargerð þessari er yfirlit yfir útlán Fiskveiðasjóðs á árinu 1972.

Fylgiskjal.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

31. desember 1972.

LÁNVEITINGAR ÁRIÐ 1972

I. Fiskiskip:		
a) Innlend skipasmiði (91 lán)	kr.	538 420 434.00
b) Erlend skip (8 lán)	—	181 664 571.00
c) Gengisjöfnunarlán (36 lán)	—	13 463 000.00
d) Viðgerðir skipa, tækjalán o. fl. (170 lán)	—	198 740 179.00
II. Fasteignalán:		
a) Hraðfrystihús (30 lán)	—	213 235 000.00
b) Sildar- og fiskimjölsverksmiðjur (1 lán)	—	3 300 000.00
c) Aðrar vinnslustöðvar (32 lán)	—	86 340 000.00
d) Skipasmiðastöðvar (4 lán)	—	20 200 000.00
e) Verbúðir o. fl. (4 lán)	—	7 880 000.00
III. Bráðabirgðalán	—	470 099.30
	Samtals kr.	1 263 713 283.30
Edri lán endurlánuð, þ. e. sameinuð nýjum lánnum	kr.	6 080 000.00
Afleidd lán (6 lán)	kr.	6 050 248.00